



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR



Kæru stjórnir sumarhúsfélaga í Grímsnes- og Grafningshreppi,

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps óskar ykkur gleðilegs árs og þakkar fyrir liðið ár.

Við viljum byrja á því að þakka þær móttökur sem við fengum á síðasta ári við beiðni okkar um að fá upplýsingar um stjórnir sumarhúsfélaga í sveitarfélaginu og viljum jafnframt minna ykkur á að láta okkur vita um nýja stjórn við stjórnarskipti. Einnig yrðum við þakklát ef þið vissuð um og mynduð láta okkur vita af sumarhúsfélögum sem hafa enn ekki sent okkur upplýsingar.

[Hér](#) er hægt að fylla út eyðublað þegar það verða stjórnarskipti eða þegar senda á inn upplýsingar um stjórn sem við höfum ekki nú þegar.

Við viljum einnig þakka fyrir góðar viðtökur á bréfi sem við sendum til ykkar rétt fyrir jól, við vonum að bréfið hafi verið upplýsandi.

Meginerindi þessa tölvupósts er þó að benda ykkur á nýju heimasíðuna okkar sem kom í loftið núna í byrjun árs www.gogg.is.

Á nýju heimasíðunni eru meiri upplýsingar heldur en voru á þeirri gömlu ásamt því að auðvelt er að leita að efni.

Við erum enn að setja inn efni á hana þannig að hún mun verða meira lifandi heldur en sú gamla.

Samhliða þessu viljum við vekja athygli ykkar að fresturinn til að sækja um vegstyrk til viðhalds á vegum og styrk til uppbygginga á flóttaleiðum rennur út 1. mars næstkomandi.

Nánari upplýsingar um það má finna á heimasíðunni okkar www.gogg.is.

*Með bestu kveðju,
Ása Valdís Árnadóttir
Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Sími: 480-5500
Netfang: oddviti@gogg.is
Veffang: www.gogg.is
Borg, 801 Selfoss
[Skilmálar/Disclaimer](#)*



Grímsnes- og Grafningshreppur